

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun rotþróa í Ásahreppi.

#### 1. gr.

Ásahreppur innheimtir gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Ásahreppi, nr. 865/2022.

#### 2. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 11. gr. samþykktar um fráveitur í Ásahreppi. Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað fimmta hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 7.800
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 1.560 pr./m <sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 13.000
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 2.600 pr./m <sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 19.760
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 3.900 pr./m <sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 39.520
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 7.800 pr./m <sup>3</sup>

#### 3. gr.

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, skal greiða sérstaklega skv. gjaldskrá losunar- og móttöku-aðila.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 20. nóvember 2024, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á grunni 11. gr. samþykktar um fráveitur í Ásahreppi, nr. 1327/2023. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

*Ásahreppi, 20. nóvember 2024.*

**Valtýr Valtýsson** sveitarstjóri.